

Velkomin á Endurfundi!

Á þessari sýningu eru sýndir forngripir frá ýmsum stöðum á landinu. Flestir eru þeir mörg hundruð ára gamlir og hafa fundist ofan í jörðinni. Þeir tengjast margir trúnni á Guð. Forngripir sýna okkur hvernig fólk á Íslandi lifði og hverju það trúði. Það getur hjálpað okkur að skilja bæði fortíðina og samtíma okkar og kannski okkur sjálf.

Til að svara spurningunum er best að fara eftir staðarnöfnunum en þið ráðið röðinni.

Reykholt

Í Reykholti hafa fundist fjórar kirkjur. Á skjásýningunni má sjá hvernig kirkjurnar breyttust með tímanum. Sjáið þið öll glerbrotin á hillunni? Þau eru úr kirkjugluggum en gler var mjög dýrmætt. Er þetta allt sem eftir er af fjórum kirkjum, eða leynist kannski meira ofan í jörðinni?

Hvað eru glerbrotin mörg? _____ Hvað eru mörg grænleit? _____

Hvað eru mörg með skrauti? _____ Hvað eru mörg gulleit? _____

Hólar

Hólar er merkilegur staður. Þar var risavaxin kirkja fyrir um 800 árum og fyrsta prentsmiðja landsins fyrir um 500 árum. Þar bjó líka margt fólk. Allt þetta er hægt að sjá á þeim hlutum sem grafnir hafa verið upp úr jörðinni.

Á Hólum fundust brot úr stórum grænum ofni. Á flísabrotunum sjást myndir og orð á latínu sem merkja helstu dyggðir. Hvað er dyggð? Spyrjið kennarann. Hvað þýða orðin á grænu brotunum?

Charitas = _____

Temperantita = _____

Spes = _____

Justitia = _____

Gásir

Á Gásum bjó fólk ekki heldur kom það þangað til að fara með og sækja vörur sem komu og fóru með skipum til annarra landa. Alls staðar þar sem fólk dvelur skilur það eitthvað eftir sig. Á Gásum hafa fundist leifar tjaldbúða sem fólkið bjó í á meðan það var þar.

Hvað sjáið þið leifar af mörgum skóm sem fundust á Gásum? _____

Úr hvaða efni eru þeir? _____

Skálholt

Skálholt var lengi mikilvægasti staður á Íslandi.

Hvaða staður finnst ykkur mikilvægastur núna? _____

Í Skálholti var biskup og skóli og þar hefur fundist mikið af alls konar hlutum. Teljið upp 5 hluti og flokkið þá niður í t.d. búshald, verkfæri, skemmtun, skraut, föt, rafmagnstæki

Hlutur

Flokkur

1 _____

2 _____

3 _____

4 _____

5 _____

Á hvaða hlut sést handaband? _____

Finnið matseðil skólapilta í Skálholti. Hvað fengu þeir oft harðfisk í hverri viku? _____

Kirkjubæjarklaustur

Eins og nafnið gefur til kynna var klaustur í Kirkjubæ. Það var fyrir konur sem vildu helga líf sitt Guði og kölluðust nunnur. Þarna fundust gripir úr alls konar efnum. Eru þau ólík því sem við notum í dag? Nú skuluð þið telja. Hvað eru margir sýningargripir (eða bútar) úr:

járni ___ steini _____ leðri ___ efni ___ gulli _____ pappír ___ tré _____ plasti _____

Skriðuklaustur

Á Skriðuklaustri var klaustur fyrir karlmenn sem vildu loka sig af frá umheiminum og helga líf sitt tilbeiðslu á Guð. Þar voru líka stundaðar lækningar. Það fundust brot af stytta af heilagri Barböru en hún var verndardýrlingur gegn farsóttum. Styttan var endurgerð. Getið þið séð á henni hvað er nýtt og hvað er gamalt?

Lýsið styttnum í fimm orðum, t.d. falleg / sorgleg /stór

Keldudalur

Í Keldudal fannst eldgamall kirkjugarður, um 1000 ára gamall. Með því að rannsaka gömlu beinagrindurnar má sjá hvað fólk þorðaði og úr hverju það dó. Ímyndið ykkur nú hvernig maðurinn sem átti hausúpuna í skápnum leit út, setjist á kollinn og teiknið mynd af honum á bláu blöðin.

Hvað eru bein af mörgu fólk í langa skápnum á veggnum? _____

Nú hafið þið svarað öllum spurningum en þið skuluð halda áfram að skoða hlutina sem hafa verið grafnir upp úr jörðinni.

Takk fyrir komuna.